

Ársskýrsla Betadeildar fyrir starfsárið 2001–2002

Síðastliðinn vetur hefur mæting verið mjög góð á fundum Betadeildar. Haldnir voru sjö fundir auk 25 ára afmælishátíðar deildarinnar í byrjun júní. Í vetur heimsóttu félagskonur söfnin á svæðinu og veltu fyrir sér tengslum þeirra við samfélagið og menningu á Eyjafjarðarsvæðinu. Reynt hefur verið að dreifa störfum þannig að hver og einn fái verkefni á starfsárinu. Á hverjum fundi hafa ein til tvær félagskonur flutt orð til umhugsunar. Efnið hefur verið margskonar t.d. frásögn af atviki sem vakið hefur sterk tilfinningaleg viðbrögð, ljóðalestur, fjallað um áhugavekjandi greinar í blöðum eða sagt frá góðri bók. Þá sjá tvær til þrjár konur um veitingar á fundum þannig að allar hafa lagt eitthvað af mörkum að vori.

Þann 19. september hófst vetrarstarfið í Sigurhæðum, húsi séra Matthíasar Jochumssonar. Þar tók á móti hópnum Erlingur Sigurðarson forstöðumaður Sigurhæða og Davíðshúss og sagði frá húsinu og skáldinu. Auk þess flutti hann ljóð eftir Matthías. Á neðri hæðinni í Sigurhæðum er safn til minningar um séra Matthías en á efri hæðinni er skrifstofuaðstaða fyrir þá sem vinna að ritstörfum.

23. október lá leiðin á Bókasafn Háskólans á Akureyri þar sem hlýtt var á greinagóða kynningu á gagnagrunnum og rafrænum tímaritum. Astrid Margrét Magnúsdóttir yfirlýðingavörður háskólasafnsins sá um þá kynningu.

Jólafundurinn var 1. desember. Hann var í þetta sinn með svolítið öðru sniði en venjulega því félagskonur lögðu land undir fót og skoðuðu Safnasafnið á Svalbarðseyri. Síðan var haldið í Laufás þar sem Ingibjörg S. Siglaugsdóttir, starfsmaður safnsins, veitti leiðsögn um Gamla Laufásbæinn og sagði sögu hans. Eftir skoðunarferð var á boðstólum afbragðs kjötsúpu í nýju þjónustuhúsi staðarins. Ekki veitti af því mjög kalt var í veðri þennan dag. Meðan á borðhaldi stóð sagði Þórunn Bergsdóttir frá bernskujólum sínum og einnig jólum sem hún hélt í Svíþjóð. Þetta var skemmtileg og eftirminnileg ferð þrátt fyrir hálku og snjó.

Þann 10. janúar var árlegur bókafundur í Suðurbyggð hjá Margréti Eggertsdóttur. Það er fastur liður í starfi Betakvenna að koma saman í janúar og segja hver annarri frá athyglisverðum bókum sem þær lásu um jólnin.

Næsti fundur átti að vera í Davíðshúsi en þeirri ferð var frestað. Þess í stað var fundurinn haldinn þann 27. febrúar í húsnæði Háskólans á Akureyri við Þingvallastræti. Þar flutti Anna Þóra Baldursdóttir athyglisverðan fyrirlestur um „Kulnun í starfi“. Fyrirlesturinn byggði hún á rannsókn sem hún vann í tengslum við lokaverkefni sitt til meistaraþrófs.

16. apríl fengu félagskonur góða leiðsögn og fyrirlestur um rússneska list hjá Hannesi Sigurðssyni safnstjóra Listasafnsins á Akureyri. Sama kvöld var farið í heimsókn á vinnustofu listakonunnar Aðalheiðar Eysteinsdóttur (Öllu). Hún talaði um störf sín og hafði frá mörgu skemmtilegu að segja. Eftir heimsóknirnar var hressing á Kaffi Karólínu í Gilinu.

Þann 10. maí var aðalfundur Betadeildar. Hann var haldinn á heimili Önnu Þóru Baldursdóttur. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa gengu nokkrir nýir félagar í

deildina, þær Margrét Kristín Jónsdóttir þýskukennari, Selma Hauksdóttir dönskukennari og Sigrún Aðalgeirsdóttir þýskukennari, allar við Menntaskólann á Akureyri. Við fengum góðan gest á fundinn, Sigrúnu Klöru Hannesdóttur, sem sagði m.a. frá undirbúningi Evrópuþingsins næsta sumar.

Kosin var ný stjórn sem er þannig:

Anna Þóra Baldursdóttir formaður,

Magna Guðmundsdóttir varaformaður,

Halldóra Haraldsdóttir ritari,

María Steingrímsdóttir meðstjórnandi og

Sólveig Hrafnisdóttir gjaldkeri.

Aðalfundinum lauk síðan með borðhaldi á Hótel KEA. Þar með lauk formlegri vetrardagskrá.

Þann 2. júní komu félagskonur síðan saman síðdegis á veitingastaðnum Fiðlaranum til þess að minnst 25 ára afmælis Betadeildar. Fyrir fimm árum, á tuttugu ára afmælinu, var ákveðið að heiðra á fimm ára fresti eina konu sem lagt hefur mikið af mörkum á sviði mennta- og menningarmála á félagssvæðinu. Dr. Kristín Aðalsteinsdóttir dósent við Háskólann á Akureyri varð fyrst fyrir valinu en á 25 ára afmælinu var það rithöfundurinn Magnea Magnúsdóttir frá Keifum sem hefur gefið út sextán barnabækur og hlotið fyrir mörg verðlaun og viðurkenningar. Magnea kom ásamt börnum sínum og barnabörnum til afmælisveislunnar. Helga Thorlacius, formaður Betadeildar flutti ávarp, heiðraði skáldkonuna og þakkaði henni fyrir framlag hennar til barnamenningar. Síðan lásu tvær telpur úr Glerárskóla úr verkum Magneu. Að lokum voru bornar fram veitingar og félagskonur færðu Magneu að gjöf fagran kertastjaka úr keramik.

Ein félagskona Margrét Björgvinsdóttir hefur verið fulltrúi í landssambandsstjórn. Fjórar konur, þær Anna Þóra Baldursdóttir, Helga Á. Thorlacius, Jóhanna S. Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir sóttu Evrópuþingið í Malmö sumarið 2001.

Helga Á Thorlacius
formaður